



Virðing

Víðsýni

Vinsemd



1. bekkur

<i>Efnisyfirlit</i>	<i>Bls.</i>
<i>Hagnýtar upplýsingar um starfsemi skólans.....</i>	<i>3</i>
<i>Skólareglur Setbergsskóla- SMT reglutafla.....</i>	<i>4</i>
<i>Leiðarljós Setbergsskóla.....</i>	<i>5</i>
<i>Læsi og námsvitund.....</i>	<i>5</i>
<i>Námsmat.....</i>	<i>5</i>
<i>Námskrá 1. bekkjar</i>	
▪ <i>Íslenska.....</i>	<i>7</i>
▪ <i>Stærðfræði.....</i>	<i>8</i>
▪ <i>Lífsleikni.....</i>	<i>10</i>
▪ <i>Samfélagsfræði.....</i>	<i>10</i>
▪ <i>Kristinfræði.....</i>	<i>11</i>
▪ <i>Náttúrufræði og umhverfismennt.....</i>	<i>11</i>
▪ <i>Smiðjur.....</i>	<i>12</i>
▪ <i>Upplýsingalæsi/ bókasafn.....</i>	<i>13</i>
▪ <i>Tónmennt.....</i>	<i>13</i>
▪ <i>Íþróttir.....</i>	<i>14</i>
▪ <i>Sund.....</i>	<i>15</i>

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Skrifstofa

Skrifstofa skólans er opin frá 7:45 – 15:00 nema á föstudögum til 14:00. Hún er á annarri hæð skólans hjá aðalanddyri sem er fyrir miðju skólans.

Foreldrar geta nú sjálfir skráð veikindi á Mentor eða tilkynnt forföll eins fljótt og auðið er á skrifstofu skólans.

Forföll vegna íþróttta og sunds skal foreldri eða forráðamaður einnig tilkynna á skrifstofu. Foreldrar sækja um skriflegt leyfi frá skóla ef sótt er um leyfi í tvo daga eða fleiri. Annars gefur viðkomandi kennari leyfið. Nemandi fær einungis að vera inni einn dag eftir veikindi nema í undantekningartilvikum og verður hann vegna öryggisástæðna á biðstofu skrifstofu í frímínútum. Þeir nemendur sem ekki fara í sund verða einnig á biðstofu skrifstofu meðan á tímanum stendur.

Símaskrá:

Setbergsskóli	5651011	Skólaakstur	5654566
Íþróttahús Kaplacr.	5650711	Krakkaberg	5651031
Suðurbæjarlaug	5653080	Íþróttahúsið	5551844
Skólaskr.Hafnarfj.	5855800	Lækjarlaug	5178510

Skólatími:

Kennsla hefst kl. 8:10 á morgnana hjá 1.-10. bekk.

Hádegishlé er í 40 mínútur hjá 1.-10. bekk.

Mikilvægt er að nemendur mæti ávallt stundvíslega í skólann.

Stjórn Setbergsskóla:

María Pálmadóttir, skólastjóri, maria@setbergsskoli.is

Hrönn Bergþórsdóttir, aðstoðarskólastjóri og deildarstjóri 6. bekkja, hronnb@setbergsskoli.is

Hálfdan Þorsteinsson, deildarstjóri 7. – 10. bekkja, halfdan@setbergsskoli.is

Sif Stefánsdóttir, deildarstjóri 1. – 5. bekkja, sif@setbergsskoli.is

Umsjónarkennarar 1. bekkja:

Ásta Björnsdóttir, 1-ÁGB, netfang astagb@setbergsskoli.is

Viðtalstími: þriðjud. 10:30-11:10.

Hrönn Ásgeirsdóttir, 1-HÁ, netfang hronna@setbergsskoli.is

Viðtalstími: þriðjud. 9:50-10:30.

Skólareglur Setbergsskóla - SMT reglutafla

Við erum í skólanum til þess að læra. Við erum stundvís og göngum vel um. Við erum kurteis, hlýðin og tillitssöm og hugsum vel um heilsuna.

	Virðing	Víðsýni	Vinsemi
Öll svæði	Förum eftir fyrirmælum Höfum hendur og fætur hjá okkur Skiljum óþarfa hluti eftir heima * Göngum snyrtilega um Tökum ábyrgð á eigin málum	Leiðum óæskilega hegðun annarra hjá okkur Gerum okkar besta Sýnum frumkvæði Höfum samskipti jákvæð	Notum vinalæg orð og athafnir Hrósum hvert öðru Hugsum um þá sem eru einir
Kennslu- stofur	Verum tilbúin með námsgögn Hlustum á þann sem hefur orðið	Leggjum okkur fram við nám	Höldum vinnufrið Sköpum vinsamlegt umhverfi
Bókasafn	Göngum frá eftir okkur Virðum útlánsreglur	Notum safnið til gagns og gamans	Tökum tillit til annarra sem eru á safninu
Fyrirlestra salur/salur	Hlustum á þann sem hefur orðið	Nýtum veru okkar í salnum til gagns og gamans	Tökum vel á móti gestum
Anddyri/ fatahengi	Skór í hillur Göngum frá húfum og yfirhöfnum	Verum hjálpsöm	Sýnum tillitssemi
Gangar	Göngum hægra megin Höldum röðum Virðum skápareglur Höldum okkur á okkar svæðum	Göngum inni	Sköpum rólegt umhverfi
Matsalur	Förum í röð Notum borðsiði Göngum frá eftir okkur Förum á okkar svæði eftir mat	Verum tilbúin að sitja hjá hverjum sem er	Sköpum rólegt umhverfi
Skólalóð	Virðum leiki annarra Göngum vel um umhverfi okkar, bæði gróður og leiktæki Skilum lánsdóti	Leysum vandamál ef við getum	Leikum saman
Búnings klefar/ Íþróttahús/ Sundlaug	Munum eftir íþróttafatnaði Sýnum hreinlæti Gætum eigna okkar	Sýnum öðrum skilning	Sýnum öllum vinsemi
Skólabíll	Bíðum í röð Spennum öryggisbeltin Gætum eigna okkar	Verum tilbúin að sitja hjá hverjum sem er	Notum innirödd
Vettvangs ferðir	Sýnum umhverfinu virðingu Höldum hópinn	Fylgjum reglum sem gilda á hverjum stað	Verum vingjarnleg og þökkum fyrir okkur

*Hlaupahjól, hjólabretti, hjólaskó, gos, tyggjó og sælgæti á að skilja eftir heima. Að öðrum kosti eru þessir hlutir gerðir upptækir og foreldrar/forráðamenn sækja þá í skólann. Ef það heyrir í farsíma eða hann í notkun þá gilda sömu reglur. Almenn umferðalög gilda um notkun hjóla en ekki er leyfilegt að leika sér á þeim á skólatíma.

Leiðarljós Setbergsskóla VIRÐING - VÍÐSÝNI – VINSEMD

Í skólanum viljum við efla **virðingu** nemenda fyrir sjálfum sér, foreldrum og öðrum í umhverfinu, einnig fyrir eigum sínum og annarra. Við viljum að nemendur beri virðingu fyrir landinu, náttúrunni og umhverfinu sem við búum í.

Með skólastarfinu viljum við auka **víðsýni** nemenda með því að veita þeim tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni til að temja sér vinnubrögð sem stuðla að stöðugri viðleitni til menntunar og þroska. Með aukinni menntun eflum við skilning okkar á kjörum fólks, umhverfi, þjóðfélaginu, sögu þess, sérkennum og skyldum einstaklingsins við samfélagið. Skólastarfið miðar að því að leggja grundvöll að sjálfstæðri hugsun nemenda og þjálfra hæfni þeirra til samstarfs við aðra.

Í samskiptum okkar innan sem utan skólans sýnum við **vinsemd** í verki, hverjum sem við mætum. Kjörorð skólans er: ***Mennt er máttur***

Setbergsskóli er forystuskóli í Læsi og námsvitund

Helstu markmið með Læsi og námsvitund eru að nemendur:

- Læri að lesa sér til gagns, yndis og ánægju
- læri að tileinka sér og nýta hugtakakort til náms
- læri aðferðir við orð af orði til að auka orðaforða, málþroska og lesskilning
- læri ólíkar lestraraðferðir eins og gagnvirkan lestur
- Læri námstækni og átti sig á hvaða aðferðir við nám henti hverjum og einum

Þessar námsaðferðir verða kenndar og notaðar í öllum námsgreinum en aðlagðar að efni og hæfni nemenda hverju sinni.

Námsmat

Námsmat skal vera í samræmi við Aðalnámskrá grunnskóla, Lög og reglugerðir, Skólastefnu Hafnarfjarðar og Skólanámskrá Setbergsskóla. Áherslur í kennslu og skólastarfi endurspeglast í námsmati hverju sinni. Mikilvægt er að nemendur viti hvaða þættir verða metnir og til hvers er ætlast af þeim.

Tilgangur námsmats er að gefa uppbyggilega endurgjöf sem hefur leiðsagnargildi, meta nám og framfarir nemenda til að styðja og þróa áframhaldandi nám. Mikilvægt er að nemendur, kennarar og forráðamenn geti glöggvað sig með árangursríkum hætti á hvernig miðar í náminu. Framfarir í námi verða metnar jafnt og þétt yfir skólaárið. Námsmat verður skráð í verkefnabækur í Mentor til að nemendur og forráðamenn geti fylgst með framvindu náms.

Námsmat getur verið í formi:

- Sjálfsmats
- jafningjamats
- munnlegra prófa
- skriflegra prófa
- kannana
- verkefnavinnu
- einstaklingsverkefna

- hópverkefna
- skýrslna
- ritgerða
- matsblaða
- verkefnabóka
- o.fl.

Í öllum árgöngum verður **námsmappa** ein af birtingarmyndum námsmats. Í námsmöppum er lögð áhersla á að sýna fjölbreytt námsmat og mismunandi styrkleika nemenda.

Mappan hjá 1. bekk verður send heim fyrir foreldradag í janúar og að vori.

Markmið með námsmöppum er að:

- Sýna sem fjölbreyttasta mynd af nemandanum og hæfileikum hans
- Sýna námsframvindu hjá hverjum nemanda fyrir sig
- Gefa uppbyggilega endurgjöf sem hefur leiðsagnargildi
- Auka upplýsingaflæði til heimilanna og tengsl sem leiða til aukinnar samábyrgðar heimila og skóla um nám nemendanna
- Opna leiðir fyrir foreldra til að fylgjast betur með námsframvindu barna sinna.
- Að efla ábyrgð og vitund nemenda um eigið nám
- Að vera með stöðugt alhliða námsmat og reglulegt eftirlit með vinnu nemenda þar sem nemendur og forráðamenn eru upplýstir um stöðu nemenda

Það gerum við með:

- fjölbreyttu námsmati og kennsluaðferðum, fjölbreyttum verkefnum sem unnin eru á mismunandi hátt og reyna á ólíka færni nemandans

Í námsmöppunni í 1. bekk eiga að vera:

1. Tvær sjálfsmyndir (ágúst og janúar) í möppu
2. Sjálfsmatsblað
3. Stærðfræðikönnun
4. Ritunarverkefni*
5. Stafakönnun**

Mikilvægt er að ekkert glatist úr möppunni og allt komi til baka í skólann.

*Ritunarverkefni: Setningar unnar með hverjum staf, skrifaðar og myndskreyttar.

Dagsetningastimplar voru settir á blöðin og blöðum safnað í möppu. Ein setning á viku.

**Stafakönnun: Börnin skrifuðu þá stafi sem þau kunnu á blað.

Íslenska

7 kennslustundir á viku.

Markmið:

Að nemendur læri alla stafi íslenska stafrófsins, læri að umskrá bókstafi í hljóð, læri að tengja hljóð og stafi og lesa einföld orð.

Að nemendur læri að draga rétt til stafs og geti skrifað einföld orð og setningar.

Að nemendur læri undirstöðu í sögugerð og að flytja sögu (lesa/segja frá) fyrir aðra.

Viðfangsefni:

- Lestur.
- Hljóð- og hljóðkerfisfræði.
- Orðmyndunarfræði.
- Að þekkja talfærin.
- Tjáning og framsögn.
- Hlustun og áhorf.
- Samræður.
- Ritun.
- Auka orðaforða, mál og lesskilning.
- Bókmenntir.

Inntak og leiðir:

- Lestrarkennsla byggir á hljóðaaðferð sem er studd með orðmyndalestri. Nemendur lesi daglega í skólanum.
- Bókstafir og hljóð þeirra
- Þjálfar skal rétta stafsetningu með notkun „orðabókar“ samhliða heimalestri (nemendur skrifa orð eftir upplestri heima)

1. Að þekkja talfærin Hljóðvitundar- og orðmyndunarkennsla.
2. Sundurgreining orða í atkvæði.
3. Samtenging atkvæða í orð.
4. Rím.
5. Rím ósamræmi.
6. Hljóðgreining: Að finna forhljóð orðs.
7. Hljóðgreining: Að finna síðasta hljóð í orði.
8. Sundurgreining orða í hljóð.
9. Hljóðtenging.
10. Hljóðflokkun (finna orð sem byrja á ákv. hljóði).
11. Fella burt hljóð úr orðum.
12. Bæta hljóðum inn í orð.
13. Sundurgreining setninga í orð.
14. Búa til eitt orð úr tveimur.
15. Búa til tvö orð úr einu.
16. Orðhlutaeyðing (fella hluta úr samsettu orði).

- Frásagnir og sögugerð/ljóðagerð.
- Munnlegar endursagnir.
- Flutningur eigin verka (sögur, ljóð, leikþættir).
- Hlusta og horfa á upplestur, leikþætti og söngatriði.
- Vinna með íslenskar þjóðsögur, ævintýri, vísur og þulur.
- Þjálfá fínhyfingar og draga rétt til stafs.
- Verkefnavinna á bókasafni / útlán á bókasafni.
- Einföld hugtakakort
- Gagnvirkur lestur – fyrstu skrefin.
- Málörvandi leikir og verkefni
- Málörvunaátak fyrir þá nemendur er þess þurfa.
- Fjölbreyttir kennsluhættir.
- Lögð skal áhersla á samvinnu nemenda og samþættingu námsgreina.

Kennslugögn:

- Listin að lesa og skrifa (Lestrarbækur, vinnubækur og spil)
- Ýmsar léttlestrarbækur, t.d. frá Skólavef.
- Sögubókin mín.
- Vinnubók með Við lesum A.
- Markviss málörvun.
- Skriftarbækur.
- Ótrúleg eru ævintýrin.
- Orð af orði – þróunarverkefni.

Námsmat:

- Ítarlegt skimunarpróf er lagt fyrir í byrjun október (Skimun BS).
- Læsi lestrarskimun fyrir 1. bekk: 2. hefti er lagt fyrir í mars, 3. hefti er lagt fyrir í maí.
- Símat á vinnu nemenda.
- Fylgst með framförum í lestri.
- Hraðlestrarpróf að vori eða þegar ákveðnum árangri er náð. Viðmið um lágmarksárangur 10-60 atkv. á mínútu.
- Málproskapróf lögð fyrir þá nemendur er þess þurfa.

Stærðfræði

6 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemandi:

- þrói með sér almennar hugmyndir stærðfræðinnar og skilning á meginhugtökum
- geti tjáð stærðfræðihugsun sína með eigin orðum
- ýti undir sjálfstæða vinnu, uppgötvanir og persónubundna reynslu
- átti sig á samhengi daglegrar reynslu og stærðfræðilegra viðfangsefna
- hlusti á sögur og ræði efni þeirra og tengi við stærðfræði

- rannsaki, framkvæmi og skiptist á skoðunum
- ræði saman um hugmyndir og vangaveltur sínar
- fái tækifæri til að prófa sjálf og öðlast nýja reynslu með vinnu sinni og ræði saman og dragi ályktanir af niðurstöðum
- læri skráningu við úrvinnslu s.s. eins og að teikna dæmin sín eða nota rétt tákni s.s. eins og í samlagningu og frádrætti
- læri á ýmis mælitæki s.s. reislú/skálarvog, málband, dl. mál o.fl.
- kynnist vasareikni
- þjálfun talnaskriftar
- vinnu með hugtökun hundrað, tugur og eining á hlutbundinn hátt t.d. í gegnum dagatal nemenda og peninga

Kennslugögn:

- Sproti 1 og 2 , kennslubók með kennsluleiðbeiningum og æfingahefti,
- aukahefti t.d. til þjálfunar talnaskriftar
- Tölur talning, 3. og 4. hefti, frá Skólavefnum, aukaverkefni t.d. til þjálfunar í tölum og talnagildum
- Viltu reyna (gul)
- ýmis mælitæki, s.s. mæliglös, vog, málbönd, teningar, rökkubbar, sentikubbar, hlekkir, speglar, talnabönd og fleira
- ýmsir hlutir úr daglegu lífi s.s. eins og smáhlutasöfn
- vasareiknar, tölvuforrit, dagatal, raunar nýtist allt milli himins og jarðar til stærðfræðikennslu.

Þemaverkefni: stærðfræði er unnin í tengslum við aðrar námsgreinar t.d. samfélags og náttúrufræði svo og íslensku (sögur og ævintýri).

Kennsluáðferðir:

- flokkun ólíkra hluta, s.s. eftir stærð, lögun eða lit
- leikir og spil
- innlögn
- umræður
- verkleg vinna þar sem nemendur prófa og sannreyna
- æfingar og verkefni
- rannsóknir og tilraunir
- talningu, notkun talnagrindar og talnalínu
- þrautalausnir
- stöðvavinna við ákveðin verkefni t.d. mælingar
- nemendur leiddir áfram með spurningum fremur en svörum

Námsmat: Reglulega eru tekin kannanir eftir hvern námsþátt.

Lífsleikni

1 kennslustund á viku.

Markmið:

- Að stuðla að því að nemendur verði að heilsteyptum og ábyrgum einstaklingum og virkir þátttakendur í lýðræðislegu, síbreytilegu samfélagi.
- Að virkja nemendur, fjölskyldur þeirra, skólann og samfélagið til að skapa námsumhverfi sem byggist á umhyggju fyrir öðrum, miklum væntingum og virkri þátttöku.
- Búa nemendum aðstæður til að læra félags- og tilfinningalega hæfni sem nauðsynleg er til að lifa heilbrigðu og góðu lífi.
- Styrkja tengsl barna við fjölskyldur sínar, jafnaldra, skólann og samfélagið.
- Stuðla að jákvæðum og heilbrigðum lífstíl.
- Fagna fjölbreytileika og stuðla að virðingu fyrir öðrum.
- Mikilvægt er að hafa í huga að aðrar námsgreinar grunnskóla fela í sér lífsleikni.

Námsefni: Að vaxa úr grasi fyrir 1. bekk, hugmyndafræði SMT, tannvernd, umferðin, vinir Zippýs og Ýma tröllastelpa.

Kennsluaðferðir: Kennsla fer fram í formi leikja, umræðna, ritunar og fleira.

Námsmat: Sjálfsmat í lok hvers tíma.

Samfélagsfræði

4 kennslustundir á viku.

Markmið

Að nemandi:

- átti sig á mikilvægi fjölskyldu, vina og skólafélaga og gildi þess að vera hluti af hóp
- beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- kynnist skólabyggingunni, skólalóðinni og nánasta umhverfi skólans
- þekki nokkur örnefni, kennileiti og sögustaði í nágrenni skólans – einkum frá landnámsöld
- þjálfist í að hlýða reglum í leik og starfi í skólanum
- eflir þekkingu og skilning á umhverfi mannsins og félagslegri tilveru hans
- þekki árstíðirnar, heiti vikudaga og mánaða og mun á degi, viku, mánuði, ári, áratug og öld
- nái tókum á algengum tímahugtökum eins og fyrir langalöngu, í gamla daga, einu sinni, fortíð, nútíð, framtíð
- læri að lesa úr dagatali
- kynnist nokkrum íslenskum þjóðsögum
- fái fræðslu um fugla
- fái þjálfun í að segja frá, hlusta, spyrja, skoða myndir og tjá sig í máli og leik
- túlki atburði t.d. í leik, myndsköpun, tali, texta, söng og/eða leikrænni tjáningu
- læri hver þjóðhátíðardagur Íslendinga er, að við eigum þjóðsöng og höfum forseta, Alþingi og ríkisstjórn, viti hvað forsetinn heitir og hvar hann býr
- læri að aðrar þjóðir eiga líka tungumál, þjóðhátíðardag, þjóðsöng og þjóðhöfðingja

- tileinki sér frásagnir af landnámsmönnum og þekki nokkra, einkum úr heimabyggð
- læri um ólíka siði og venjur í heiminum, t.d. með því að heyra frásögn nýbúa af siðum í framandi landi
- greini upphaf, miðju og endi í frásögn og geti raðað atburðum í tímaröð, t.d. með hjálp spila og leikja
- átti sig á muninum á sannri sögu og skáldsögu, t.d. með því að bera eigin reynslu saman við skáldsögu eða ævintýri
- kanni aðstæður og fyrirbæri og skrái athuganir sínar í máli og/eða mynd í sögubók
- læri hvernig upplýsingar um liðna tíð eru í gömlum ritum og átti sig á að sagan hafi verið til löngu áður en ritmál varð til
- kynnist dæmum um fornleifar, t.d. beinum dýra og manna
- fái að upplifa söguna í gegnum áþreifanlega hluti, svo sem byggingar, minnismerki, sögustaði í náttúrunni, gamla muni og söfn
- kynnist því hvernig sagan er allt í kringum okkur og við erum hluti af henni

Kennslugögn: Komdu og skoðaðu umhverfið, Komdu og skoðaðu líkamann, Að vaxa úr grasi, (Ótrúleg eru ævintýrin, Ég um mig (kennarabók)).

Kennsluaðferðir: Kennsla fer fram í formi leikja, umræðna, ritunar og myndrænnar tjáningar

Vettvangsferðir: Heimsókn á Hlíðarenda/Hlíðarberg, Þjóðminjasafnið, fjöruferð, kirkjuferð fyrir jól, gefa öndunum brauð, söfn í bænum heimsótt.

Þemaverkefni: Árstíðirnar, fjaran, jólin, mannlíkaminn, páskar, fuglar og tröll.

Námsmat: Símat allan veturinn þar sem vinnubrögð og hæfni til samvinnu eru metin.

Kristinfræði

Markmið

- Að nemandi kynnist frásögnum af fæðingu Jesú, læri einfalda jólasálma og kynnist íslenskum jólasiðum
- Að nemandi þekki tilefni páskana
- Að nemandi geri sér ljóst hvað bæn er og læri að þekkja Faðirvorið, kvöld- og morgunbænir og borðbænir
- Að nemandi eflist að siðgæði

Kennslugögn: Sögur úr Biblíunni, sögur úr smábókasafni Skálholtsútgáfunnar, glærusögur

Verkefni: Jólapeima, jólaguðspjallið, unnið með bænir (útbúin bænabók), glærusögur myndskreyttar

Kennsluaðferðir: Kennsla er aðallega byggð á frásögn kennarans, samræðum, teikningum og söng en einnig á vettvangsferðum

Vettvangsferðir: Heimsókn í kirkju fyrir jól

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum.

Náttúrufræði

2 kennslustundir á viku

Markmið:

- Að nemandi þekki líkama sinn, helstu líffæri og hlutverk þeirra.

- geri sér grein fyrir því að við erum ekki öll eins og að fjölbreytileiki og mismunur er eðlilegur.
- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi þess að neyta hollrar fæðu, hreyfa sig og gæta hreinlætis
- Að nemandi þekki algengar fuglategundir.
- Að nemandi þekki algeng veðurtákn og veðurhugtök.

Kennslugögn: Komdu og skoðuðu umhverfið, Komdu og skoðuðu líkamann

Þemaverkefni: Árstíðirnar, Fjaran, Fuglar, Líkaminn minn.

Kennsluaðferðir: Kennsla fer fram í formi leikja, umræðna, ritunar og myndrænnar tjáningar.

Vettvangsferðir: Fjöruferð, ferð að Læknum.

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum.

Umhverfismennt

Markmið:

Að nemendur:

- læri að meta hreint og vistlegt umhverfi
- kynnist leiðum til að endurnýta gamla hluti
- kynnist nánasta umhverfi sínu með sjónarmið náttúruverndar í huga

Verkefni:

- Hreinsa skólalóðina
- Söfnun á gæðapappír

Námsmat: Leiðsagnarmat á meðan á verkefni stendur

Smiðjur (*Myndmennt (1), textílmennt (1), hönnun og smíði (0,5) og heimilisfræði (0,5), samþætting listgreina fer þannig fram að reglulega verða allir hópar með verkefni tengt mynd- og textílmennt þar sem þær listgreinar hafa meira vægi og eiga skv. skólanámskrá að vera 3 kst. á viku*)

4 kennslustundir á viku allan veturinn. Árganginum er skipt í þrjá hópa sem fara á milli smiðja

Mynd- og textílmennt, hönnun og smíði

Markmið:

- Að nemandi vinni á fjölbreytilegan hátt með viðeigandi efni, verkfæri og aðferðir
- Að nemandi setji sér einfaldar reglur um frágang verkefna, efna og áhalda
- Að nemandi handleiki margar tegundir efna og áhalda
- Að nemandi læri fjölbreytt vinnubrögð í myndsköpun og handmennt

Viðfangsefni:

- Teiknun og málun: Ýmis teikni- og málunarverkefni unnin, áhersla á frjálsa myndsköpun
- Klipp: Ýmis klippiverkefni unnin í mismunandi efni, frjáls myndsköpun

- Föndur: Unnið með pappír og tilfallandi efni
- **Námsmat:** símat, mat á verkefnum og vinnu nemenda.

Heimilisfræði

Markmið

- Að nemandi geri sér grein fyrir samvinnu allra á heimilinu
- Að nemandi geri sér grein fyrir mikilvægi hollrar fæðu
- Að nemandi þekki algengustu fæðutegundir og fæðuhringinn
- Að nemendur séu meðvitaðir um þær slysaþættir sem geta leynst á heimilum

Kennsluaðferð: Hópinnlögn, nemendum skipt í þrjá hópa, samvinna

Efnisþættir: Fæðuflokkarnir. Útbúa hollan morgunverð og nesti. Nemendur æfa sig í að brytja, smyrja, skera og beita áhöldum rétt. Fjallað um mjólk og mjólkurvörur, ávexti og grænmeti. Kennt um mikilvægi hreinlætis. Einfaldar mælingar. Unnið eftir einföldum uppskriftum

Kennslugögn: Hollt og gott, vinnubók og uppskriftir ásamt aukaverkefnum. Algeng eldhúsáhöld

Námsmat: Símat. Námsmat fer fram í hverri kennslustund. Þeir þættir sem aðallega eru metnir eru: hegðun, samvinna, frágangur.

Upplýsinglæsi /bókasafn

1 kennslustund á viku

Markmið

Að nemendur

- læri að nota bókasafnið og kynnist umgengni- og útlánsreglum
- læri meðferð bóka og annarra gagna safnsins og vita hvar þær bækur eru sem ætlaðar eru yngsta stigi

Námsleiðir/Kennsluhættir

Nemendur kynnast bókum við þeirra hæfi, hlýða á upplestur, taka þátt í umræðum um sögurnar og vinna verkefni í tengslum við þær. Einnig er unnið með kennsluforrit. Á bókasafni mun kennari/bókavörður aðstoða nemendur við upplýsingaleit

Námsgögn: Bókasafnsbækur

Verkefni tengd sögulestri

Kennsluforrit

Námsmat: Leiðsagnarmat í tímum.

Tónmennt

2 kennslustundir á viku.

Áhersla verður lögð á söng nemenda. Morgunsöngur er fastur liður hjá þeim nemendum

Nemendur:

- syngja hreint með skýrum framburði texta
- syngja utanbókar
- læra agaða framkomu þegar farið er á sal í morgunsöng

Mikilvægt er að nemendur læri öguð vinnubrögð, þeir hlusti, njóti og upplifi tónlist og söng með hreyfingu, sköpun og öðlist færni í hljóðfæranotkun.

Markmið:

Að vekja með nemanda jákvæða afstöðu til tónlistar

Að lög og textar höfði til nemenda og tengist hugaheimi þeirra

Hreyfing**Nemendur:**

- samhæfi hreyfingu og söng
- upplifi stíl tónlistar í gegnum hreyfingu og form
- dansi við tónlist

Hljóðfæri**Nemendur:**

- leiki á slagverkshljóðfæri púls og hryn
- fái þjálfun í að fylgja fyrirmælum stjórnanda

Viðfangsefni og verkefni:

- háir og djúpir tónar, hraði, sterkt og veikt
- hlustað á tónverk
- valin verða verkefni úr námsefni eftir því sem við á hverju sinni

Kennsluefni:

Það var lagið, hugmyndaefni fyrir tónmennt

Tónmennt söngvasafn og hlustunarefni af ýmsu tagi

Íþróttir

2 kennslustundir á viku

Markmið

- að meta hreyfiþroska nemenda og efla hann ásamt því að gera þá meðvitaðri um líkamann
- Að þjálfa nemendur í að fara eftir reglum og fylgja fyrirmælum

- Að nemendur geri sér grein fyrir mikilvægi á umhirðu líkamans og læri helstu reglur í búningsklefum

Viðfangsefni

- Í gegnum leiki og æfingar fá nemendur verkefni sem hafa það markmið að efla þroska og samhæfingu, skynjun, viðbragð og samspil skynfæra.
- Mikilvægt að nemendur fái tækifæri til að þjálfast í grunnhreyfingum og fá útrás með sína hreyfiþörf. Grunnæfingar sem teknar eru fyrir eru;
- Hlaup, ganga, skriða, hoppa, stökkva, klifra, hanga, kasta, grípa,
- Auka afkastagetu líkamans eins og líkamsþol, hraða, kraft og styrk.
- Samvinna með öðrum nemendum er stór þáttur í kennslunni sem og virðing fyrir kennara, starfsfólki, nemendum, viðfangsefni og áhöldum.
- Nemendur tileinka sér og læra nýja leiki svo þeir geti notfært sér þá á skólalóð utan íþróttatíma.

Leiðir að markmiðum

Reynt er eftir fremsta megni að hafa kennsluna fjölbreytta og upplifunina að fara í íþróttir jákvæða. Settar eru upp þrauta- og stöðvahringir til að nálgast markmiðin. Leikir og leikrænar æfingar skipa stóran sess í náminu en auk þess eru fimleikaáhöld, hringir, baunapokar, bönd og fleiri áhöld notuð.

Hagnýtar upplýsingar

Kennslan fer fram í íþróttahúsinu við Setbergsskóla. Nemendur eiga að mæta með íþróttafatnað en ekki íþróttaskó.

Námsmat

Nemendur í fyrsta bekk fá ekki einkunn fyrir árangurinn en kennari gefur umsögn þar sem tekið er mið af hreyfiþroska, virkni og hegðun.

Sund

1 kennslustund á viku

Markmið:

Að nemandi

- þjálfast í ýmsum æfingum og leikjum sem auka kraft, þrek og aðlögun í vatni
- tileinki sér hreinlæti fyrir og eftir sundkennslu
- virði umgengisreglur sundstaðar
- læri að bregðast við flautuhljóði og fyrirmælum kennarans
- læri að skynja hættur sem fyrir eru á sundstað

Viðfangsefni:**Námsþættir 1. Sundstigs**

- Blása með andlit í kafi 10 sinnum **5%**
- flotæfingar á bringu og baki, með eða án hjálpartækja **10%**
- bringusundsfótatök við bakka, með hjálpartækjum **20%**
- skriðsundsfótatök við bakka, með hjálpartækjum **10%**
- Ganga með andlitið í kafi 2-21/2 metra **5%**

Leiðir að markmiðum:

- Reynt verður að fremsta megni að hafa kennsluna fjölbreytta og skapa jákvæða upplifun af sundtímum. Til að koma til móts við ólíkar þarfi nemenda er reynt að hafa uppbyggingu tíma sem fjölbreyttasta og að verkefni henti sem flestum nemendum.
- Stöðvahringir eru settir upp þar sem m.a. er lögð áhersla á vatnsaðlögun með: hlaupum, stökkum, flot, busli, blástri í vatn og kaffleikjum. Notast er við ýmis áhöld s.s. gjarðir, boltar, dýnur og ýmis flotáhöld.
- Hringþjálfun þar sem áhersla er lögð á flotæfingar, bringusundsfótatök og skriðsundsfótatök. Þetta er gert með eða án hjálpartækja, allt í samræmi við getu hvers nemanda fyrir sig.

Hagnýtar upplýsingar:

Kennsla fer fram í sundlaug Lækjarskóla og þurfa nemendur að taka með sér sundfatnað, handklæði og sundgleraugu. Nemendur fara fótgangandi í fylgd starfsmanna skólans.

Námsmat:

Gefin er umsögn þar sem tekið er mið af getu, framförum og hegðun í tímum.